

Titill: Litafræði, myndbygging og myndgreining

Heiti: MYNL2AB05

Námsgrein: Myndlist

Viðfangsefni: Litafræði, myndbygging og myndgreining

Prep: 2. þrep

Einingarfjöldi: 5

Forkröfur: Engar

Lýsing:

Áfanganum er skipt upp í fjóra hluta með áherslu á lita- og formfræði, myndbyggingu og myndgreiningu. Unnið er út frá fjórum meginatriðum: skynjun, innsæi, tjáningu og greiningu. Í litafræðihluta áfangans er notast við hugmyndir Johannes Itten og Josef Albers, nemendur vinna margskonar litafræðiverkefni unnin út frá þeirra kenningum.

Lögð er áhersla á grunnhugtök formfræðinnar og í framhaldi er farið í helstu grunnþætti myndbyggingar, form, línur, liti, skerpu, fjarvídd ásamt myndbyggingaraðferðum eins og gullinsniðið, hringlaga mynd-bygging, lóð- og lárétt myndbygging.

Nemandi lærir að þýða myndrænar upplýsingar yfir í orð, og öfugt, bæði út frá fyrirlestrum kennara og verklegum æfingum. Undir lok áfangans vinnur nemandi myndgreiningarfyrirlestur út frá litafræði, myndbyggingu og inntaki myndlistarverks. Nemendur lesa yfir fyrirlestra samnemenda sinna og skrifa endurgjöf.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sérhæfðum orðaforða innan myndlistarinnar og þá sérstaklega innan form- og litafræðinnar.
- að beita aðferðum lita- og formfræðinnar á verklegan hátt.
- vinna sjálfstætt að gerð eigin málverka.
- greina málverk út frá inntaki þess ásamt lita-, formfræði og myndbyggingaraðferðum og lesið í innri virkni ólíka þátta innan hvers myndverks.
- þýða myndrænar upplýsingar yfir í orð, og öfugt.
- horfa á og greina liti og samspil þeirra og birtingamyndir.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig um myndlist og beita orðaforða myndlistar með skýrum, gagnrýnum og skapandi hætti.
- eiga innhaldsrík samtöl við fagaðila er varða sína sérþekkingu.
- skipuleggja og undirbúa eigin myndlistarverk og beita ýmsum aðferðum form- og litafræðinnar og hafa öðlast þjálfun í að flétta saman fyrrnefnd atriði saman við inntak eigin myndlistarverka.

Hæfniviðmið

Nemandi skal getað hagnýtt hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ræða myndmál og merkingasköpun í gegnum listaverk annara.
- beita myndlæsi í gegnum eigin verklegu þekkingu og greiningu á myndlistarverkum.
- leysa verkefni á eigin spýtur í gegnum sjálfstæð verkefni af margvíslegum toga.

Námsmat

Unnið er með leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir önnina þar sem einstaka nemendur fá einkasamtöl við kennara. Fjórum sinnum yfir önnina skila nemendur af sér verkefnum úr formfræði, myndbyggingu, litafræði, sjö aðferðum við að skapa skerpu og myndgreiningar-fyrirlestri. Verkefnin eru metin af kennara til einkunnar í tölustöfum á kvarðanum frá 1-10. Fyrir myndgreiningarfyrirlesturinn fá nemendur endurgjöf frá samnemendum sínum ásamt einkunn frá kennara á kvarðanum 1-10. Í lok annar fá nemendur sundurliðað einkunnarblað þar sem yfirlit yfir einkunnir fyrir verkefni annarinnar liggja fyrir. Nemendur fá tækifæri til að hitta kennara og ræða niðurstöður á staðfestingardeggi.